

Þriðjudaginn 18. febrúar 1992.

Nr. 297/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Erni Arnarsyni

(Sigurður Georgsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins. Er það krafa ákærvaldsins, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en refsing ákærða þyngd.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að refsing verði milduð og skil-orðsbundin.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um sakfellingu ákærða og færslu brota til refsí-ákvæða. Refsing ákærða þykir og hæfilega ákveðin í dómnum, fangelsi þrjá mánuði.

Ekki er óskað endurskoðunar á ákvæði héraðsdóms um skaðabætur úr hendi ákærða, og kemur það ekki til meðferðar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Örn Arnarson, sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttar-
lögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 14. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 252/1991: Ákærvaldið gegn Erni Arnarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, út gefnu 29. apríl 1991, á hendur ákærða, Erni Arnarsyni, Mávahlíð 23, Reykjavík, fæddum 23. maí 1969, fæðingarnúmer 401, „fyrir eftirgreinda stuldi, framda í Hafnarfirði 1991:

1.

Fyrir að brjótast inn í söluturninn Píluturninn, Strandgötu 11, aðfaranótt fimmtudagsins 31. janúar og stela 22 vindlingalengjum og um 32.000 krónum.

2.

Brjótast inn í söluturn Fjarðarnestis, Bæjarhrauni 4, aðfaranótt mánu-
dagsins 4. febrúar og stela nokkrum vindlingalengjum, en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar”.

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu og hefur viðurkennt ákærana rétta.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa brotist inn í Píluturninn í Hafnarfirði aðfaranótt 31. janúar sl. og stolið þaðan 22 vindlingalengjum og um 32.000 krónum, enn fremur að hafa brotist inn í Fjarðarnesti aðfaranótt 4. febrúar sl. og stolið nokkrum vindlingalengjum.

Brot ákærða, sem sönnuð eru með játningu hans, er styðst við önnur gögn málsins, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í tvö ár frá 17. september 1984 fyrir þjófnað og tilraun til nytjastuldar. Árið 1985 var hann tvívegis dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot. Árið 1986 var hann tvívegis dæmdur í samtals 12 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals. Þá hefur hann einu sinni hlotið sektardóm fyrir ölvunarakstur og fjórum sinnum sæst á sektagreiðslur fyrir hegningar-, umferðar- og fíknilagabrot. Ákærða

verður nú dæmd refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Eigandi Píluturnsins hefur lagt fram skaðabótakröfu, að fjárhæð samtals 177.028 kr. Krafist er bóta fyrir 73 vindlingalengjur, sem hver er verðlögð á 1.768 kr., einn stimpil og 45.000 krónur í peningum. Ákærði hefur lýst sig skaðabótaskyldan og fúsan til að greiða bætur í samræmi við lýsingu ákæru á þýfinu. Ákærði verður dæmdur til að greiða eigandanum, Ingvari Sigurðssyni, bætur fyrir það, sem hann hefur verið sakfelldur fyrir að stela í Píluturninum, þ.e. 22 vindlingalengjur og 32.000 krónur, samtals 71.292 kr.

Engan kostnað leiddi af rekstri málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Örn Arnarson, sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði greiði Ingvari Sigurðssyni 71.292 kr.

Ákærði greiði sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
